

Lagaákvæði til höfuðs hnúðlaxi og til höfuðs stroklaxi af norskum laxastofni.

Vissulega er tímabært að setja lagaákvæði til höfuðs innrás hnúðlaxins í íslenskar veiðiar. Hann er hvumleitt aðskotadýr í íslenskri náttúru og getur skaðað búsvæði íslenska laxins. En hnúðlaxinn er þó ekki eins skaðlegur og kynbættur stroklax af norska eldislaxastofninum, sem hér er allsráðandi, þar sem hnúðlaxinn blandast ekki íslenska villta laxinum.

Um leið og sett eru lagaákvæði til höfuðs hnúðlaxinum er tímabært að setja lagaákvæði til höfuðs notkunar kynbættra erlendra og framandi laxastofna í sjókvíaeldi íslenskra fjarða. Norski kynbætti eldislaxinn blandast auðveldlega íslenskum laxastofnum og eyðieggur villta laxastofninn á örfáum kynslóðum laxa. Þannig hefur kynbættur eldislaxinn nú þegar gert út af við 70% norskra laxveiðiaá.

Ákvæði í 49. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um merkingar eldislaxa var af einhverjum undarlegum ástæðum fellt niður í nýrri reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Ákvæðið hljóðaði þannig: “Matvælastofnun skal gera kröfur um auðkenningu eldislax þannig að 10% af útsettum seiðum í sjókvíar verði uggaklippt. Matvælastofnun getur krafist þess að hærra hlutfall af útsettum seiðum sé uggaklippt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.”

Alkunnugt er að stroklax sem sleppur sem seiði eða smáfiskur þekkist ekki, þegar hann gengur upp í veiðia. Hér gæti verið ástæða þess hversu tiltölulega fáir eldislaxar hafa veiðst síðustu árin. En þar kann einnig að koma til, að eldislaxar ganga oft seint að hausti í árnar. Erfðavísarannsóknir á stroklöxum eru jákvæðar svo langt sem þær ná, en forsenda þeirra er að stroklaxarnir þekkist örugglega þegar þeim er landað.

Það er ekki aðeins, að norskættuðu stroklaxarnir blandist villta laxinum á einhverjum árum. Strax og þeir eru gengnir upp í náttúrulega á, þá hrygna þeir sjálfir. Og hver strokhrygna hrygnir 5000 hrognum.

Brýnt er að merkingarákvæðið verði lögfest, þannig að ekki sé leið til breytinga með einfaldri reglugerðarbreytingu. Nú er tækifæri til þess.

Reyndar væri nauðsynlegt fyrir vernd íslenskrar náttúru að lagfæra eða lögfesta mörg önnur ákvæði reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Lagt er til að ráðuneytið fái til liðs við undirbúning lagabreytinganna fulltrúa Landssambands veiðifélaga og fulltrúa náttúruverndarsamtakanna Laxinn lifi og Íslenska náttúruverndarsjóðsins.

Eftir að upplýst er um hinn risavaxna náttúruskaða með a.m.k. 81.000 stroklöxum úr sjókví í Arnarfirði er brýnt að vernda og lagfæra sem kostur er orðspor óspilltrar náttúru Íslands. Sérstaklega með hliðsjón af því, að slysið var ekki upplýst fyrr en 1 ½ ári eftir að það gerðist.

Loks skal nefnt, að brýn þörf er að lögfesta skyldu allra fyrirtækja í sjókvíalaxeldi, til að taka P&I (Protection & Indemnity) ábyrgðartryggingu, til að tryggja greiðslu tjónbóta, sem slys í rekstrinum kunna að valda. Þannig ábyrgðartrygging er alkunna m.a. í rekstri skipa.

7. desember 2022. f.h. Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi. Óttar Yngvason